AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 13. nóvember 2000, samþykkt deiliskipulag fyrir fiskeldistöð í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 15 ha svæðis sunnan þjóðvegar nr. 1 við Teygingarlæk.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 30. apríl 2001.

F.h. Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi.

30. apríl 2001 Nr. 359

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 714, 6. október 2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

1. gr.

Í 2. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin „1. apríl 2001“ í dagsetninguna: „1. febrúar 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

27. apríl 2001 Nr. 360

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Akureyrar sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í bænum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og óheimilt að framselja það. Leyfi til hundahalds tekur aðeins til þess að halda hund á lögheimili leyfishafa. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja lögheimilisskilyrðinu, ef um er að ræða skamm-

an tíma og aðstæður leyfishafa eru þess valdandi. Við slíkar aðstæður þarf þó að gæta að öðrum ákvæðum samþykktar þessarar.

b. Umsókn um leyfi til hundahalds skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Þegar umsækjandi býr í fjöleignarhúsi skal umsókninni fylgja skriflegt leyfi annarra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými og umsækjandi.

c. Greiða skal í bæjarsjóð leyfisgjald og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd. Gjaldið skal greitt um leið og lögboðin hundahreinsun fer fram, sbr. e-lið. Hundar, sem blindir menn eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum, eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hundahreinsun. Sé eftir því leitað, ber leyfishafa að færa sönnur fyrir því að honum beri ekki að greiða leyfisgjald, s.s. með vottorði frá viðurkenndri björgunarsveit, ella ber honum að greiða gjaldið.

d. Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis og kvittun vegna greiðslu iðgjalds þegar hreinsun fer fram árlega.

e. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Hundar skulu færðir fyrst til hreinsunar þegar þeir hafa náð 4 mánaða aldri.

f. Leyfisbréf skal útgefið af eftirlitsmanni með dýrum hjá Akureyrarbæ að fengnu leyfi bæjarstjórnar. Eigandi hundsins fær þá afhenta plötu sem greypt skal í skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda. Plata þessi skal jafnan vera fest við ól um háls hundsins. Leyfisveitandi skal senda lögreglustjóra afrit af leyfisbréfi.

g. Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.

h. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

i. Óleyfilegt er að hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða eftirtalda staði:
   1. Gistihús (gistiskálar, söluskálar, tjaldbúðir), matsölur og aðra veitingastaði.
   2. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og dagvistir.
   3. Rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
   4. Heilbrigðisstofnanir, hæli, íþróttastöðvar og baðstöðvar.
   5. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
   6. Samkomuhús.
   7. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
   8. Húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.

3. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

4. gr.

Eftirlitsmaður með dýrum á Akureyri annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Akureyri í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og getur hann leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur.

Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd reglna þessara, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu o.fl.

5. gr.

Óleyfilega hunda og hunda sem ganga lausir utanhúss, skal eftirlitsmaður handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Eftirlitsmaður með dýrum sér um geymslu, fóðrun og afhendingu hunds.

Kostnað við handsömun og geymslu hunds, s.s. vegna vinnu, aksturs og fóðrunar, greiðir eigandi við afhendingu. Kostnaður má ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur raunverulegum kostnaði við handsömun og geymslu hunds.

Hættulegum hundum má lóga þegar í stað.

Öðrum hundum má lóga, sé þeirra ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun þeirra, enda hafi framkvæmdin verið auglýst tryggilega áður.

6. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Akureyri nr. 295/1987.

Umhverfisráðuneytinu, 27. apríl 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

9. apríl 2001 Nr. 361

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit, nr. 128/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. tölulið 2. gr. bætist eftirfarandi:
1. júlí 1999.

2. gr.

2. töluliður 2. gr. orðist svo:
„MOU": Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit undirritað í París 26. janúar 1982 eins og það hljóðar 1. júlí 1999.

3. gr.

Á eftir 9. gr. kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðist svo:

9. gr. a

Gildandi málsmeðferð ef ISM-skírteini eru ekki til staðar.

1. Leiði skoðun í ljós að afrit af samræmisskjali eða öryggisstjórnunarskírteini, sem eru gefin út í samræmi við alþjóðakóða um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóð-